

Tillaga  
Afgreiðsla

B 343/UKK  
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

## Nefndarálit um ráðherranefndartillögu um norræna málstefnu

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að halda áfram vinnunni við innleiðingu ráðherranefndartillögu um yfirlýsingu um norræna málstefnu

### Forsendur

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir mun leggja fram nýja yfirlýsingu um norræna málstefnu í formi ráðherranefndartillögu á þemaþinginu í Færeyjum dagana 8.-9. apríl.

Í febrúar árið 2022 ákvað embættismannanefndin um menntun og rannsóknir (ÄK-U) að vinna nýja yfirlýsingu um norræna málstefnu sem yrði styttri og almennari eðlis en núverandi. Sérstakur vinnuhópur skipaður fulltrúum frá mennta- og menningargeiranum vann drög að yfirlýsingu sem íslenski formaðurinn kynnti á fundi ÄK-U á janúarfundi norrænu þekkingar- og menningarnefndarinnar í Stokkhólmi 2023. Eftir athugasemdir frá nefndinni er nú búið að bæta við yfirlýsinguna mikilvægi þess að norrænu tungumálin séu notuð sem tungumál vísinda. Þá hefur verið tekið tillit til athugasemda nefndarinnar um norrænu tungumálin sem undirstöðu menningar og mikilvægi máltækni.

Einnig hefur verið fjallað um yfirlýsinguna innan borgarasamfélagsins og á grundvelli athugasemda þaðan er fjallað um gervigreind og táknmál í yfirlýsingunni.

Mikilvægi þess að bæði menntun og menning skipta máli fyrir varðveislu, þróun og gagnkvæman málskilning er ítrekað með því að bæði ráðherrar menntamála og menningarmála munu undirrita yfirlýsinguna í Stokkhólmi í maí.

Norræna ráðherranefndin um menntamál og rannsóknir (MR-U) samþykkti árið 2006 Yfirlýsingu um málstefnu Norðurlanda. Í yfirlýsingunni er fjallað um fjögur langtímamarkmið og fjögur málefni sem löndin þurfa að vinna að til að ná markmiðunum. Tungumál yfirlýsingin er ekki lagalega bindandi og það hvílir á herðum landanna að fylgja markmiðunum eftir.



Markmiðið með því að Norræna ráðherranefndin vill vinna nýja tungumálayfirlýsingu er að gera hana sveigjanlegri með því að vinna starfsáætlanir til þriggja ára sem tengjasta yfirlýsingunni. Fyrsta áætlunin skala gilda frá 2025-2027 og er í vinnslu.

#### Munurinn á milli núverandi yfirlýsingar og endurskoðaðrar yfirlýsingar

Í núverandi yfirlýsingu er talað um tungumálaréttindi Norðurlandabúa og því lýst yfir að allir Norðurlandabúar eigi rétt á að:

- læra eitt tungumál sem nýtt er í samfélaginu, tala það og skrifa, með það að markmiði að þeir geti tekið virkan þátt í samfélaginu
- læra að skilja og þekkja eitt skandinavískt tungumál og öðlast skilning á öðrum skandinavískum tungumálum, með það að markmiði að geta tekið þátt í málсамfélagi Norðurlanda
- læra alþjóðatungumál með það að markmiði að geta tekið þátt í þróun alþjóðasamfélagsins
- standa vörð um og efla sitt eigið móðurmál og minnihlutamál í landi sínu

Í nýrri yfirlýsingu er talað um að markmiðið sé að hún skuli vera grundvöllur almennrar, umfangsmikillar og virkrar málstefnu til lengri tíma þar sem:

1. Þjóðtungur á Norðurlöndum standa og halda áfram að standa vel að vígi og vera lifandi.
2. Þjóðtungurnar halda áfram að vera undirstöðumál á öllum sviðum samfélagsins og notaðar á vettvangi vísinda.
3. Áfram er notast við skandinavísku tungumálin í norrænu samstarfi, það er að segja dönsku, norsku og sænsku.
4. Öll tungumálin á Norðurlöndum haldi velli og þróist á tímum sem einkennast af stafrænni þróun ásamt gervigreind, alþjóðavæðingu og fólksflutningum.

Markmiðin eru sambærileg. Nýtt markmið er að undirstöðumál skuli áfram nota sem tungumál vísinda og að norrænu tungumálin skuli geta lifað áfram og þróast á tímum stafrænnar væðingar, gervigreindar, alþjóðavæðingar og fólksflutninga.

Enn fremur skuli norræn tungumálstefna tryggja (áður: miða að því) að allir Norðurlandabúar:



Fyrri yfirlýsing	Ný yfirlýsing
geti lesið og skrifað það eða þau tungumál sem nýtt eru í samfélaginu þar sem þeir búa	geti talað, skilið, lesið og skrifað á því eða þeim tungumálum sem eru undirstöðumál þar sem þeir búa, þannig að þeir geti tekið virkan þátt í þjóðlífinu.
geti fyrst og fremst átt samskipti hver við annan á skandinavísku máli	geti haft samskipti á að minnsta kosti einu skandinavísku máli og hafi næga kunnáttu í hinum skandinavísku málunum til að taka þátt í norrænu málsamfélagi.
hafi undirstöðuþekkingu á tungumálaréttindum og stöðu tungumála á Norðurlöndum	hafi aðgang að upplýsingum um málréttindi og stöðu tungumála á Norðurlöndum
kunni að minnsta kosti eitt alþjóðatungumál mjög vel og annað erlent tungumál vel	hafi tækifæri til að varðveita og þróa móðurmál sitt, mál frumbyggja, táknmál og svæðisbundið minnihlutamál.
hafi almenna þekkingu á því hvað tungu málið sé og hver áhrif þess séu	

Meginmunurinn er að búið er að fjarlægja þau fjögur svið sem unnið verði að og bent var á sem sérlega mikilvæg í vinnunni við að ná markmiðunum: Tungumálaskilningur og tungumálakunnátta; samhliða tungumálanotkun; mörg tungumál og fjöltyngi; Norðurlandabúar fremstir í mállegum efnum.

Þetta er gert með síbreytilegan heiminn í huga – fyrir 10 árum var enginn sem talaði um gervigrein og máltækni. Þess vegna skal vinna að þriggja ára þemabundnum vinnuáætlunum. Sú fyrsta er nú í vinnslu og þar verður tekið tillit til ábendinga frá UKK og öðrum aðilum. Þegar starfsáætlunin verður tilbúin skal stofna þverfaglegan vinnuhóp sem skal sjá um innleiðingu og eftirfylgni fyrir árin 2025-2027. Starfsáætlanirnar skulu hafa sameiginlega almenna uppbyggingu og undir umsjón þeirra fagsviða sem þau tengjast.

### Sjónarmið nefndarinnar

Norræna þekkingar- og menningarnefndin fagnar nýrri yfirlýsingu um norræna málafestfni. Norrænt tungumálasamstarf styður gagnkvæman menningarlegan skilning og samskipti, auðveldar viðskiptatengls og veitir ný tækifæri á sviði vinnumarkaðarar og vísinda. Þar fyrir utan eflir samstarfið einnig persónuleg tengsl við svæðið



sameiginlegan menningararf okkar. Yfirlýsing um norræna málstefnu veitir ramma til að vernda og viðhalda norrænum tungumálum með ýmsum hætti og getur verið skref til að tryggja áframhaldandi tilvist þeirra í heimi þar sem hætt er við að enska verði allsráðandi.

Nefndin styður þá hugmynd í nýju yfirlýsingunni um að vinna tímabundnar þematengdar starfsáætlanir sen tengjast yfirlýsingunni og telur að slíkt auki möguleikana á að þróa tungumálasamstarfið með jákvæðum hætti í stað að festa sig við tiltekinn fjölda málaflokka sem unnið skuli að. Þróunin á sviði tungumála er öflug – til dæmis með nýjum máltæknilausnum og gervigreind – og vonin er að þessir tækniáfangar leiði til umbóta á sviði tungumálaskilnings og menningarlæsis. Þess vegna er mikilvægt að norræna tungumálasamstarfið geti bæði fylgt þróuninni en jafnframt leitt hana.

Nefndin fagnar því að einnig ráðherranefndin um menningarmál standi að yfirlýsingunni og hafi undirritað hana. Engu að síður telur nefndin að mikilvægi menningar við að sinna tungumálasamstarfinu hefði getað verið skýrara og vonast til að það muni endurspeglast í komandi starfsáætlunum.

Nefndin fagnar einnig tilvísun í Helsingforssamninginn um að menntun og kennsla á Norðurlöndum skuli ná til fræðslu um tungumál, menningu og samfélags í hinum norrænu löndunum, þ.m.t. Færeyjum, Grænlandi og Álandseyjum – og að þetta sé eitthvað sem löndin vilji efla. Einnig er mikilvægt að vísa til mikilvægis málsamfélagsins fyrir norræna sjálfsmynd og hvernig það styður við framtíðarsýnina um Norðurlönd sem samþættasta svæði heims.

Nefndin óskar jafnframt eftir að efla stöðu annarra tungumála en þeirra skandinavísku í norræna samstarfinu. Í formennskuáætlun Íslands í Norðurlandaráði 2024 er lögð áhersla á að kanna hvernig enn betur má tryggja að þátttakendur í norrænu samstarfi sem ekki hafa skandinavískt mál að móðurmáli geti tekið þátt í samstarfinu á jöfnum grundvelli með móðurmáli sínu. Nefndin nefnir einnig málréttindi finnsku- og íslenskumælandi í norræna samstarfinu í vinnuáætlun sinni fyrir árið 2024.

Nefndin telur að útskýra hefði mátt að finnska sé minnihlutamál í Svíþjóð og koma þannig í veg fyrir óþarfa misskilning. Nefndin skilur að umfjöllun um hvaða minnihlutamál séu opinber í hverju landi fyrir sig hefði mögulega getað leitt af sér óþarflega langt skjal en fyrir þau sem ekki þekkja til lítur einkennilega út þegar finnska er talin upp á meðal minnihlutamála.

Að lokum vill nefndin þakka fyrir hið góða samtal sem verið hefur við Norrænu ráðherranefndina um menntamál og rannsóknir í tengslum við gerð yfirlýsingar um



norræna málstefnu og að hlustað hafi verið á sjónarmið nefndarinnar, m.a. varðandi möguleikann á að nota norrænu málin í vísindastarfi. Nefndin hlakkar til áframhaldandi samstarfs við gerð starfsáætlana sem tengjast tungumálayfirlýsingunni.

Norðurlöndum, 14. mars 2024

*Kathrine Kleveland (Sp)*

*Veronika Honkasalo (vänst)*

*Noora Fagerström (saml)*

*Lars Mejern Larsson (S)*

*Pinja Perholehto (sd)*

*Victoria Tiblom (SD)*

*Per Husted (S)*

*Catarina Deremar (C)*

*Jeppe Søe (M)*